



Ársrit Samkeppniseftirlitsins 2012

Elds er þörf

Elds er þörf
þeim er inn er kominn
og á kné kalinn.
Matar og voða
er manni þörf,
þeim er hefir um fjall farið.

– *Gestáttur Hávamála*

Efnisyfirlit

Mikilvægt að viðhalda öflugu samkeppniseftirliti	
Ávarp formanns stjórnar	4
Verk að vinna	
Inngangur forstjóra	5
Árið 2011 í hnotskurn	6
Dregið hefur úr yfirráðum banka á atvinnufyrirtækjum	8
Bankar eru ekki góðir eigendur atvinnufyrirtækja	10
Aukin samþjöppun á fjármálamarkaði	12
Talsverðar aðgangshindranir að dagvörumarkaði	14
Afnám samkeppnishindrana – hraðari endurreisn	16
Beiting nýrra heimilda Samkeppniseftirlitsins	18
Sparnaður í fjárveitingum dýrkeyptur almenningi og fyrirtækjum	19
Samkeppnislögum fylgt eftir af festu	20
Úrlausnir á árinu 2011	22

Mikilvægt að viðhalda öfluggu samkeppniseftirliti

Ávarp formanns stjórnar



Sé ekki brugðist við þessum breyttu aðstæðum af krafti er hætt við að endurreisn atvinnulífsins tefjist og að hagur neytenda versni. Skortur á samkeppni kemur í veg fyrir nauðsynlega endurskipulagningu og eykur líkurnar á að neytendur beri óþarflega stóran hluta þess kostnaðar sem af hruninu hlýst.

Því er mikilvægt að viðhalda sjálfstæðu samkeppniseftirliti sem hefur frumkvæði að aðgerðum og burði til að bregðast hratt við samkeppnishamlandi hegðun. Það verður hins vegar ekki gert án aukinna fjárframlaga.

Rögnvaldur J. Sæmundsson

Formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

Frá árinu 2008 hefur fjöldi stjórnarsýslumála sem eru til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu því sem næst tvöfaldast. Á sama tíma hafa fjárveitingar til eftirlitsins lækkað að raungildi.

Þær sérstöku aðstæður sem sköpuðust eftir hrun bankakerfisins eru helsta ástæðan fyrir fjölgun mála sem eru til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu. Í kjölfar efnahagsáfalla af þessu tagi er hætt við að dregið sé úr samkeppni og að samkeppnislagabrotum fjölgi.

Einnig hefur eftirlitið sett skilyrði fyrir eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum til að hraða endurskipulagningu þeirra.

Stjórn Samkeppniseftirlitsins:

Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson, *formaður verkfræðingur*

Jóhann R. Benediktsson, *framkvæmdastjóri*

Inga Jóna Jónsdóttir
dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Varamenn:

Eyvindur G. Gunnarsson
lektor við lagadeild Háskóla Íslands

Guðný Hrund Karlsdóttir
viðskiptastjóri

Þóra Margrét Hjaltested
skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu

Verk að vinna

Inngangur forstjóra



Samkeppni flýtir efnahgsbata. Þetta hefur verið leiðarstef í öllu starfi Samkeppniseftirlitsins frá hruni og verður enn um hríð. Virk samkeppni er augljóslega besta aðferðin til að hreinsa æðar atvinnulífsins og tryggja hagsmuni almennings.

Bankarnir leika hér lykilhlutverk. Þess vegna hefur Samkeppniseftirlitið fylgst náið með því hvernig þeir bera sig að við endurskipulagningu fyrirtækja. Þetta hefur Samkeppniseftirlitið m.a. gert með því að setja yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum skilyrði og fylgja þeim eftir. Jafnframt hefur Samkeppniseftirlitið fjallað ítarlega um stefnumörkun á þessu sviði og birt niðurstöður rannsókna á því hvernig til er að takast.

Niðurstöður nýjustu rannsóknarinnar eru birtar samhliða útgáfu þessa ársrits. Þær sýna að dregið hefur úr yfirráðum bankanna á atvinnufyrirtækjum síðustu mánuði. Áhyggjuefni er hins vegar hversu skuldsett fyrirtæki eru almennt eftir endurskipulagningu. Ástæða er til að hafa góðar gætur á þessari þróun. Með það í huga hefur Samkeppniseftirlitið haft frumkvæði að því að kalla saman aðila frá stjórnvöldum, bönkunum, atvinnulífinu og fjölmiðlum til þess að ræða hvert skuli stefna.

Í þessu sambandi skiptir mótun fjármálamarkaðarins sjálfs miklu máli. Aukin samþjöppun og þrýstingur á frekari samruna banka er áhyggjuefni fyrir fyrirtæki og heimili í landinu, því án virkrar samkeppni á fjármálamarkaði mun okkur skorta jarðveg fyrir öflugt atvinnulíf og bætt lífskjör. Þess vegna beinir Samkeppniseftirlitið kröftum sínum að ýmsum verkefnum sem eru til þess fallin að efla samkeppni á fjármálamarkaði.

Samkeppniseftirlitið leggur einnig mikla áherslu á markaði sem varða miklu um lífskjör almennings, eins og t.d. dagvörumarkað. Fyrst og síðast leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að framfylgja samkeppnislögum af festu, því ef vilji okkar stendur til þess að flýta efnahagsbata og bæta lífskjör megurum við ekki sýna neina linkind gagnvart þeim sem vilja skara eld að eigin köku með misnotkun á markaðsráðandi stöðu og ólögmetu samráði.

Páll Gunnar Pálsson
forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Stiklað á stóru 2011

14. janúar

Samkeppniseftirlitið setur kaupum Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. skilyrði.

28. janúar

Samkeppniseftirlitið setur yfirtöku Seðlabanka Íslands á Fjölgreiðslumiðlun hf. (nú Greiðsluveitunni hf.) skilyrði.

3. febrúar

Hæstiréttur fellir úr gildi héraðsdóm í máli Samkeppniseftirlitsins gegn Icelandair.

4. febrúar

Samkeppniseftirlitið opnar upplýsingasíðu vegna banss við forverðmerkingum á kjötvöru.

7. febrúar

Samkeppniseftirlitið beinir fyrirmælum til Flugmálastjórnar Íslands í því skyni að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum.

7. febrúar

Yfirtaka NBI hf. (Landsbankans) á Björgun ehf. bundin skilyrðum.

14. febrúar

Yfirtaka Arion banka hf. á eignum þrotabús Sigurplasts ehf. bundin skilyrðum.

14. febrúar

Yfiráð Íslandsbanka hf. og Glitnis banka hf. yfir Bláfugli ehf. bundin skilyrðum.

8. mars

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra framkvæmir húsleitir í húsnaði Byko hf., Húsasmiðjunnar hf. og Úlfsins, í samvinnu við Samkeppniseftirlitið.

16. mars

Samkeppniseftirlitið veitir undanþágu frá banni við samráði vegna samkomulags um sértæka skuldaaðlögun.

30. mars

Samkeppniseftirlitið leggur 260 m.kr. stjórnvaldssekt á Vífilfell hf. vegna brota á samkeppnislögum.

8. apríl

Samruna ST eignarhaldsfélags ehf. og Steypustöðvarinnar ehf. sett skilyrði.

20. apríl

Dagsektir lagðar á Seðlabanka Íslands til þess að knýja fram gagnaskil.

15. apríl

Samkeppniseftirlitið birtir umræðuskjal um samkeppni á bankamarkaði.

19. apríl

Samkeppniseftirlitið gerir húsleit hjá Vífilfelli hf. og Ölgerðinni Agli Skalla-grímssyni hf.

11. maí

Yfirtöku Landsbanka Íslands hf. á Pizza Pizza ehf. sett skilyrði.

11. maí

Yfirtöku Arion banka hf. á Fram Foods hf. sett skilyrði.

11. maí

Yfiráðum Regins ehf. (dótturfélag Landsbankans) yfir Laugahúsi ehf. sett skilyrði.

11. maí

Sameiginlegum yfiráðum Arion banka hf. og Búvalla slhf. yfir Högum hf. sett skilyrði.

19. maí

Viðskiptaráð stendur fyrir ráðstefnunni „Markaðsráðandi staða og beiting samkeppnislaga“ í Hörpu. Samkeppniseftirlitið tekur þátt.

31. maí

Samkeppniseftirlitið tekur bráðabirgðaákvörðun um að IGS ehf. skuli semja um frakt-afgreiðslu við Cargo Express ehf.

9. júní

Samkeppniseftirlitið stendur fyrir ráðstefnu til þess að kynna skýrslu nr. 2/2011, „Samkeppnin eftir hrun“ og rannsókn á stöðu 120 fyrirtækja.

1. júlí

Samkeppniseftirlitið leggur 25 m.kr. stjórnvaldssekt á Forlagið ehf. vegna brota á samrunaákvörðun.

4. júlí

Samkeppniseftirlitið leggur 40 m.kr. stjórnvaldssekt á Landsbanka Íslands hf. vegna brots á skyldu til að tilkynna um samruna.

13. júlí

Samruna Horns Fjárfestingarfélags ehf. (dótturfélags Landsbankans) og Promens hf. sett skilyrði.

21. júlí

Samkeppniseftirlitið ógildir samruna Stjórnugríss hf. við Rekstrarfélagið Braut ehf. og LS2 ehf.

18. ágúst

Yfirtöku Landsbankans hf. á Sólningu ehf. sett skilyrði.

30. sept

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir að Forlagið ehf. hafi brotið gegn samkeppnislögum og skuli greiða 25 m.kr. sekt.

30. sept

Áfrýjunarnefnd staðfestir alvarleg brot Vífilfells hf. en lækkar sektir í 80 m.kr.

16. sept

Síminn hf. sektaður um 60 milljónir króna vegna tilboðs í 3G netlykil og áskrift sumarið 2009.

30. sept

Áfrýjunarnefnd staðfestir að gamli Landsbankinn hafi brotið gegn samkeppnislögum en lækkar sektir í 7,5 m.kr.

17. okt

Samkeppniseftirlitið ógildir kaup Landsbankans hf. á eignarhlut í Verdis hf. (Arion verðbréfavörslu).

4. okt

Samkeppniseftirlitið ógildir samruna Vodafone og Tals vegna röskunar á samkeppni á fjarskiptamarkaði.

17. okt

Samkeppniseftirlitið heimilar yfirtöku Íslandsbanka hf. á Byr hf. á grundvelli sjónarmiða um fyrirtæki á fallanda fæti.

1. nóv

Félag atvinnurekenda stendur fyrir ráðstefnu um eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum – Samkeppniseftirlitið tekur þátt.

4. nóv

Eru bankarnir að drepa samkeppni? – Pistill Samkeppniseftirlitsins um banka og samkeppnismál.

4. nóv

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir ógildingu á yfirtöku Stjórnugríss hf. á svínabúum.

7. nóv

Samkeppniseftirlitið leggur á 80 m.kr. sektir vegna lóðréttis verðsamráðs Síldar og fisks ehf. og Matfugls ehf. við Bónus.

2. des

Dómur Hæstaréttar leiðir til hærri sekta Véla og verkfæra ehf.

21. des

Eignarhaldi Landsbankans hf. og Bifreiðainnflutnings ehf. á Toyota á Íslandi ehf. sett skilyrði.

23. des

Bann við forverðmerkingum er neytendum til hagsbóta – Samkeppniseftirlitið birtir frétt um áhrif banns við forverðmerkingum.

Dregið hefur úr yfirráðum banka á atvinnufyrirtækjum

– en fyrirtæki koma of skuldsett út úr endurskipulagningunni

Bankarnir geta haft úrslitaáhrif á samkeppnisaðstæður hér á landi til framtíðar. Allt frá hruni hefur Samkeppniseftirlitið leitast við að hafa áhrif á þróunina og sporna við samkeppniströskun. Sumt hefur gengið vel en annars staðar eru alvarleg hættumerki. Í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2012 *Endurskipulagning fyrirtækja 2012 – Aflaklær eða uppvakningar?* er gerð grein fyrir því hvernig miðað hefur frá fyrri hluta síðasta árs, þegar Samkeppniseftirlitið birti síðast upplýsingar um stöðuna.

Í nýju skýrslunni kemur fram að dregið hafi úr yfirráðum bankanna í fyrirtækjum á undanförunum misserum. Hins vegar sé áhyggjuefni hvað íslensk fyrirtæki eru skuldsett í alþjóðlegum samanburði. Eftirtektarvert er að skuldir fyrirtækja sem lokið hafa endurskipulagningu eru eftir sem áður almennt mjög miklar.

Í úrtaki Samkeppniseftirlitsins voru veltumestu fyrirtæki á árunum 2008 og 2009 sem starfa á helstu samkeppnismörkuðum. Öll þessi 120 fyrirtæki, að einu undanskyldu, eru í rekstri í dag. Einn samruni tveggja eðlislíkra félaga hefur átt sér stað. Innan við 10% hafa gengið í gegnum gjaldþrot eða nauðasamninga og hafa öll þau fyrirtæki verið endurreist á nýrri kennitölu.

Litlar sem engar skipulagsbreytingar hafa því orðið í atvinnulífinu í kjölfar hrunsins og nánast engar breytingar hafa orðið á eignarhaldi þeirra fyrirtækja sem ekki þurftu á fjárhagslegri endurskipulagningu að halda. Áherslan hefur fyrst og fremst verið lögð á að endurreisa fyrirtæki sem þurftu á endurskipulagningu að halda.

Um 60% stærri fyrirtækja þurftu á fjárhagslegri endurskipulagningu að halda haustið 2008. Stærstur hluti þeirra hefur verið í fjárhagslegri endurskipulagningu í bankakerfinu án þess að hafa verið tekin yfir. Tilhneiging er til þess að gömlu eigendurnir fái að halda fyrirtækjunum eftir endurskipulagningu, en með mikilli skuldsetningu. Hluti fyrirtækjanna hefur verið formlega yfirtekin af bönkum og flest þeirra hafa verið seld eða sett í sölumeðferð.

Nokkur munur er á skuldamargföldurum fyrirtækja eftir því hvort endurskipulagningu er lokið og hvort skipt hefur verið um eigendur. Skuldir lækka þannig umtalsvert með endurskipulagningu og eiginfjárhlutfall hækkar. Skuldir lækka einnig við það að nýir ráðandi hluthafar koma að rekstrinum. Eftir sem áður er skuldsetning endurskipulagðra fyrirtækja mjög há í öllum samanburði.

”

Um þriðjungur stjórnenda stærri íslenskra fyrirtækja, sem hafa verið seld eða gengið í gegnum endurskipulagningu, telja að fyrirtækið geti ekki staðið undir núverandi skuldabyrði eða að óvíst sé að það geti staðið undir henni.

“



Staða stórra fyrirtækja í byrjun árs 2012

	Fjöldi	Hlutfall	Skulda- marg- faldari*	Eigin- fjár- hlutfall**
Fyrirtæki sem ekki þurftu endurskipulagningu	47	39%	2,4	46
Fyrirtæki án erlendra lána og ágreinings við banka	26	22%	2,1	49
Fyrirtæki með lækkun eða ágreining vegna gengislána	15	13%	2,4	45
Fyrirtæki í ágreiningi við banka út af öðrum málum	6	5%	3,6	32
Fyrirtæki sem hafa ekki verið yfirtekin af banka	44	37%	5,4	17
Endurskipulagningu lokið - skipt um eigendur	9	8%	4,3	23
Endurskipulagningu lokið - ekki skipt um eigendur	19	16%	5,0	23
Endurskipulagningu ólokið	16	13%	6,5	6
Fyrirtæki sem hafa verið yfirtekin af banka	19	16%	6,1	22
Seld fyrirtæki	17	14%	5,9	25
Óseld fyrirtæki ***	2	2%	7,8	0
Gjaldþrot og nauðasamningar	9	8%	2,4	39
Gjaldþrot - rekstur byrjar að nýju	6	5%	2,7	36
Nauðasamningar - rekstur byrjar að nýju***	3	3%	1,8	43
Samtals	119	100%	4,1	31

* Staða langtímaskulda að frádreginni nettóstöðu handbærs fjár í hlutfalli við 12 mánaða EBITDA.

** Áætlun stjórnenda um skuldamargfaldara og eiginfjárhlutfall í desember 2011.

*** Til hæðarauka eru hlutföll sýnd sem ákveðin tala en ekki á ákveðnu bili þrátt fyrir að fá fyrirtæki standi að baki.

Samkeppniseftirlitið hefur lagt sig eftir því að fjalla opinberlega um endurskipulagningu bankanna á fyrirtækjum. Hér er yfirlit yfir helstu útgáfur Samkeppniseftirlitsins um endurreisn atvinnulífsins, að frátöldum fjölmörgum ákvörðunum í einstökum málum.

1. Álit nr. 3/2008, *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum.*
2. Skýrsla nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnulífs.*
3. Skýrsla norrænu samkeppniseftirlitanna nr. 1/2009, *Competition Policy and Financial Crises – Lessons Learned and the Way Forward.*
4. Umræðuskjal nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning atvinnulífsins – stefnumörkun.*
5. Umræðuskjal nr. 1/2011, *Samkeppni á bankamarkaði*
6. Skýrsla nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrún.*
7. Pistill nr. 2/2011, *Eru bankarnir að drepa samkeppni?*
8. Skýrsla nr. 3/2012, *Endurskipulagning fyrirtækja 2012 – Aflaklær eða uppvakningar?*

Bankar eru ekki góðir eigendur atvinnufyrirtækja

Í júní 2011 stóð Samkeppniseftirlitið fyrir ráðstefnu þar sem kynnt var viðamikil rannsókn á stöðu 120 fyrirtækja á mikilvægum samkeppnismörkuðum. Niðurstaða rannsóknarinnar var birt í skýrslu nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrun*, en þar var einnig tekin staða á ýmsum verkefnum sem Samkeppniseftirlitið hefur unnið að og varða endurskipulagningu fyrirtækja. Hún var undanfari skýrslunnar *Endurskipulagning fyrirtækja 2012 – Aflaklær eða uppvakningar?*

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins var sú að bankar réðu yfir stórum hluta fyrirtækja með eignarhaldi og óbeint í gegnum kröfur á hendur fjárhagslega veikburða fyrirtækjum. Þá taldi eftirlitið að ástæða væri til að hafa áhyggjur af því hvað fjárhagsstaða margra fyrirtækja sem lokið höfðu endurskipulagningu væri slæm.

Vandinn sem við blasir er augljós. Það er mikil hætta á því að samkeppni sé raskað þegar bankar eru í senn þjónustuveitandi við fyrirtæki á samkeppnismörkuðum og eigendur tiltekinna fyrirtækja á sömu mörkuðum.

Af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum stafar auk þess ýmis konar hætta, s.s. hætta á blokkamyndun, sem m.a. felst í því að fyrirtæki undir sama eignarhaldi eigi einvörðungu viðskipti sín á milli. Þessar aðstæður leiða til tortryggni og vantrúar á því að bankarnir komi fram við alla viðskiptavinum með sambærilegum eða eðlilegum hætti. Þess utan slævir afleið fjárhagsstaða fyrirtækja samkeppni á mörkuðum.



” Það blasir hins vegar við að það eru hvatar í kerfinu sem toga í ranga átt og tefja ferlið. Þeir tefja endurreisn atvinnulífsins. Þessir röngu hvatar eru ekki á ábyrgð einhverra tiltekinna banka, stjórnvalda eða einstaklinga, heldur eru þeir kerfislægir. Til þess að sporna við þeim verðum við að þekkja þá og leita lausna. “

– Úr ræðu
Páls Gunnars Pálssonar

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins og Árni Páll Árnason, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra. Ráðstefna Samkeppniseftirlitsins í júní 2011 um samkeppnina eftir hrun.

Skilaboðin sem Samkeppniseftirlitið hefur komið á framfæri í vinnu sinni eru þessi helst:

- Einungis á að koma rekstrarhæfum fyrirtækjum til bjargar.
- Það þarf að draga úr skuldabyrði – samkeppnislög mega ekki hindra það.
- Reka verður fyrirtæki undir yferráðum bankanna á eðlilegum arðsemisgrundvelli.
- Koma þarf fyrirtækjum undan yferráðum banka hið fyrsta.
- Fyrirtæki undir yferráðum banka á að reka sem sjálfstæða keppinauta.
- Taka verður hagsmuni neytenda og samfélagsins fram fyrir hagsmuni einstakra fyrirtækja.

Inngrip í yfirtökur banka á fyrirtækjum hafa skilað árangri

Í því skyni að sporna við samkeppnishindrunum sem fylgt geta eignarhaldi banka á fyrirtækjum hefur Samkeppniseftirlitið sett 30 slíkum yfirtökum ítarleg skilyrði. Eignarhaldi bankanna eru settar skorður með margvíslegum hætti með skilyrðunum. Í flestum tilvikum skulu bankarnir selja fyrirtækin innan tiltekins tíma.

Þessi íhlutun hefur átt þátt í því að skapa bönkunum mikilvægt aðhald. Í ársbyrjun 2012 höfðu flest atvinnufyrirtækin sem í hlut áttu skipt um eigendur.

Staðan á fyrirtækjum sem bankarnir hafa yfirtekið og Samkeppniseftirlitið fjallaði um:

Icelandair Group SELT	B.M. Vallá SELT
Hagar SELT	Límtré Vírnet SELT
Vestia SELT til FSÍ	Björgun SELT
Ingvar Helgason og Bifreiðar og landbúnaðarvélar SELT	Sigurplast
Húsasmiðjan SELT	Bláfugl <i>Í söluferli</i>
Reitir	G-7
Bevís SELT	Fram Foods <i>Í söluferli</i>
Fasteignafélag Íslands	Pizza Pizza SELT
Plastprent SELT til FSÍ	Laugahús
Þyrping	Promens <i>Breytt yfirráð</i>
Eik fasteignafélag SELT	Sólning <i>Í söluferli</i>
	Toyota <i>Breytt yfirráð</i>

Aukin samþjöppun á fjármálamarkaði

– Aðhald Samkeppniseftirlitsins enn mikilvægara en áður

Samkeppnisaðstæður á fjármálamarkaði hafa tekið miklum breytingum eftir hrun. Fjármálafyrirtækjum hefur fækkað, markaðurinn hefur minnkað og fáeinir undirmarkaðir hans horfið. Lánsfjáreftirspurn er í lágmarki enda heimili og fyrirtæki almennt mjög skuldsett. Vegna hruns hlutabréfamarkaðar og gjaldeyrishafta eru fjárfestingarkostir takmarkaðir en það dregur einnig úr umsvifum á fjármálamarkaði.

Kraftar viðskiptabankanna hafa frá hrúni aðallega farið í endurskipulagningu og uppgjörsráð af ýmsu tagi, s.s. endurmat og endurskipulagningu útlána og innri aðlögun vegna breytts rekstrarumhverfis. Meðal fjármálafyrirtækja sem hætt hafa starfsemi vegna fjárhagsvanda eru fyrrum stærstu sparisjóðir landsins en einnig hafa sérhæfðari fjármálafyrirtæki hætt

starfsemi. Samþjöppun hefur aukist samhliða fækkun fjármálafyrirtækja. Ennfremur hefur aukin samvinna fjármálafyrirtækja verið heimilud í því skyni að leysa úr flækjum sem upp hafa komið vegna hrunsins.


Eins og áður segir hefur samþjöppun á fjármálamarkaði aukist umtalsvert eftir hrun og er ekki ólíklegt að fram komi áhugi á frekari samrunum, bæði vegna slæmrar stöðu minni fjármálafyrirtækja og möguleikans á hagræðingu sem slíkum samrunum getur fylgt.

Sameining SpKef og Landsbankans vorið 2011 og sameining Byrs og Íslandsbanka undir lok árs 2011 eru til marks um aukna samþjöppun á síðasta ári. Það er ljóst að við þessar breyttu aðstæður á fjármálamarkaði vakna spurningar um getu nýrra og smærri fjármálafyrirtækja til að hasla sér völl á markaðnum. Í þessu ljósi má ætla að hlutverk Samkeppniseftirlitsins við að framfylgja samkeppnislögum á þessum markaði verði mikilvægara en hingað til á næstu árum.

Samkeppniseftirlitið gaf út umræðuskjalið *Samkeppni á bankamarkaði* í apríl 2011.

Markmiðið var að gefa vísendingar um samkeppnisaðstæður á fjármálamarkaði eftir hrúnið, kynna almenn sjónarmið Samkeppniseftirlitsins um samruna á fjármálamarkaði og hvetja stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila til að gefa samkeppnismálum gaum við stefnumörkun. Samkeppniseftirlitið fékk fjölmargar umsagnir um skýrsluna og hélt kynningarfund með hagsmunaaðilum um innkomnar umsagnir.

Samþjöppun (HHI) á fjármálamarkaði



*Mælt með Herfindahl-Hirschman samþjöppunarstuðli

Hagræðing á fjármálamarkaði er mikilvæg – en hún má ekki vera á kostnað viðskiptavina

Nokkur umræða hefur verið um rekstrarkostnað í bankageiranum og mögulega hagræðingu. Samkeppniseftirlitið tekur undir það sjónarmið að rekstrarkostnaðurinn sé of mikill. Draga þyrfti úr honum á næstu árum til þess að hægt verði að bjóða heimilum og fyrirtækjum betri kjör samhliða því sem fjármálafyrirtækin geti skapað eðlilegan hagnað af reglulegri starfsemi sinni.

Hagræðingu á fjármálamarkaði má ná fram með niðurskurði (s.s. lokun útibúa, fækkun starfsmanna), aukinni hagkvæmni (s.s. tæknilegum umbótum, aukinni sjálfvirkni) og samrunum / aukinni samvinnu milli fjármálafyrirtækja. Samkeppniseftirlitið hefur heimilað samruna milli banka og sparisjóða á grunni sjónarmiða um fyrirtæki á fallanda fæti (e. failing firm). Í því felst að ógilding samruna væri tilgangslaus því samþjöppun sé óhjákvæmileg.

Samkeppniseftirlitið hefur hins vegar miklar efasemdir um að samruni

tveggja af stóru viðskiptabönkunum væri ásættanlegur. Slíkt myndi auka samþjöppun á markaðnum verulega og þar af leiðandi vera líklegt til að draga úr samkeppni. Þá sýnir reynslan að hagræðingarabati af samruna fjármálafyrirtækja er sýnd veiði en ekki gefin.

Samkeppniseftirlitið hefur einnig talið það forgangsverkefni að tryggja að ekki eigi sér stað samkeppnishamlandi samvinna milli fjármálafyrirtækja því á fákeppnismarkaði er sérstaklega mikilvægt að keppinautar starfi með sjálfstæðum hætti.



Fjármálafyrirtæki hafa einkum beint sjónum að kostnaði við upplýsingatækni en sá kostnaður hefur aukist umtalsvert samhliða auknu vægi hennar í bankastarfsemi. Kostnaður við upplýsingatækni nemur u.þ.b. fjórðungi heildarkostnaðar í bankakerfinu. Til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu hafa verið mál er varða upplýsingatækni á fjármálamarkaði. Samkeppniseftirlitið leggur megináherslu á að aukin hagræðing í kerfinu leiði ekki til aukinnar samhæfingar fjármálafyrirtækja og þar með minni samkeppni.

Helstu athuganir og ákvarðanir frá hruni sem varða samkeppnisaðstæður á fjármálamarkaði:

- Um 30 ákvarðanir sem varða yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum. *Ákvörðun nr. t.d. 6,7 og 8/2010*
- Þrjár ákvarðanir sem varða yfirtöku skilaneftanda (kröfuhafa) á bönkum. *Ákvörðun nr. 48, 49/2009 og 36/2010*
- Sex ákvarðanir sem varða afmarkaðar undanþágur fyrir banka til að starfa saman að því að finna lausnir á greiðsluferðileikum einstaklinga og fyrirtækja, *sbr. t.d. ákvörðun nr. 4/2010*
- Yfirtaka Seðlabanka Íslands á Fjölgreiðslumiðlun hf. (nú Greiðsluveitunni hf.). Yfirtakan var samþykkt með skilyrðum. *Ákvörðun nr. 2/2011*
- Yfirtaka Íslandsbanka á Byr. Fallist var á samrunann á grundvelli sjónarmiða um fyrirtæki á fallanda fæti, *sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 12/2011 – 33/2011*
- Kaup Landsbankans á eignarhlut í Verdis hf. (áður Arion verðbréfavörslu). Samruni ógiltur en málið er aftur komið til meðferðar, *sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 11/2011 – 34/2011*
- Rannsókn á starfsemi Reiknistofu bankanna, í tengslum við beiðni um undanþágu frá banni við samstarfi keppinauta, sem í starfseminni felst. – *Til meðferðar*
- Rannsókn á kaupum Reiknistofu bankanna á Teris. – *Til meðferðar*
- Rannsókn á hugsanlegri misnotkun viðskiptabankanna þriggja á sameiginlegri markaðsráðandi stöðu í tengslum við samtönnun á þjónustu. Varðar möguleika viðskiptavina til að skipta um viðskiptabanka. – *Til meðferðar*
- Nokkrar rannsóknir á framkvæmd viðskiptabankanna á skilyrðum vegna yfirtöku þeirra á atvinnufyrirtækjum, *sbr. lið 1 hér að framan. – Til meðferðar*
- Rannsókn á ætlaðri misnotkun Valitor á markaðsráðandi stöðu á greiðslukortamarkaði. – *Til meðferðar*
- Rannsókn á hugsanlegum brotum kortaútgefenda á banni við ólögmetu samráði. – *Til meðferðar*

Talsverðar aðgangshindranir að dagvörumarkaði

Í janúar 2012 birti Samkeppniseftirlitið skýrslu sína „Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði“. Í skýrslunni er varpað ljósi á verðþróun sl. sex ár hjá birgjum og smásölum og lýst þeim aðstæðum sem nýir og smærri smásalar standa frammi fyrir í verðsamkeppni.



Helstu niðurstöður skýrslunnar

- Hagar, Kaupás og Samkaup með 90% smásölumarkaðar dagvöru
- Hlutdeild lágvöruverðsverslana hefur aukist úr 20% í 63% á einum áratug
- Minni verslanir greiða birgjum 15% hærra verð en Hagar
- Í nokkrum vörflokkum er lægsta smásöluverð lágvöruverðsverslana lægra en innkaupsverð minni verslana
- 60% verðhækkun á dagvöru frá 2006 til 2011 skýrist af ytra umhverfi
- Birgjar hvattir til að taka verðstefnu sína til athugunar
- Stjórnvöld hvött til að grípa til aðgerða til að efla samkeppni, m.a. með endurskoðun búvörlaga

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins bendir til þess að talsverðar aðgangshindranir séu að dagvörumarkaði. Eiga þessar hindranir ekki síst rót sína að rekja til mismunandi kjara sem dagvöruverslanir njóta hjá birgjum. Þrjár stórar verslanasamstæður, Hagar, Kaupás og Samkaup, hafa um 90% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði í smásölu.

Aðrar verslanir sem ekki eru hluti af umræddum verslanasamstæðum greiða birgjum mun hærra verð fyrir vöru, eða að meðaltali 15% hærra verð en stærsta

verslanasamstæðan, Hagar, greiðir birgjum. Aðrar verslanir myndu því hafa mjög litla álagningu út úr vörusölu sinni ef þær ætluðu sér að jafna það verð sem lágvöruverðsverslanir innan verslanasamstæðanna bjóða. Í nokkrum vöruflokkum er lægsta smásöluverð lágvöruverðsverslana lægra en innkaupsverð minni verslana.

Aðrar dagvöruverslanir verða að keppa á grundvelli annarra þátta en verðs til að laða til sín viðskiptavinum, svo sem hagfelldu samblandi verðstefnu, þjónustu, vöruúrvals og staðsetningar. Slík fjölbreytni í framboði dagvöruverslana getur vissulega verið neytendum til góðs. Vandir annarra verslana liggur hins vegar í auknum styrk lágvöruverðsverslana, en hlutur þeirra af heildarveltu á dagvörumarkaði hefur hækkað úr um 20% árið 1999 í um 63% árið 2010. Aðrar verslanir sem ekki njóta sambærilegra viðskiptakjara og lágvöruverðsverslanir hjá birgjum eiga því takmarkaða möguleika á að stunda verðsamkeppni á stærstum og vaxandi hluta markaðarins.

Margt getur réttlætt mismunandi viðskiptakjör birgja gagnvart verslunum. Þannig er eðlilegt að stórar verslanakeðjur njóti magnafsláttar. Bónus kaupir til að mynda sexfalt meðalmagn verslana af algengum vörum og 75 sinnum meira magn en sú verslun sem minnst kaupir inn. Hagræði vegna dreifingarkerfis skiptir hér einnig máli. Þessi rök eiga hins vegar síður við í þeim tilvikum þar sem birgjar dreifa beint til verslana og annast jafnvel sjálfir uppröðun og framstillingu í hillur.

Búast má við því að Samkeppniseftirlitið hefji sérstök stjórnarsýslumál til þess að meta hvort tiltekin viðskiptakjör birgja séu lögmæt.

Steingrímur Ægisson, sviðsstjóri hjá Samkeppniseftirlitinu kynnir skýrsluna á ráðstefnu um Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði.



Aðgerðir á dagvörumarkaði:

Matvörumarkaður er það svið íslensks atvinnulífs sem Samkeppniseftirlitið hefur varið mestum tíma í á liðnum árum. Í byrjun árs 2006 mótaði Samkeppniseftirlitið áherslur sínar í eftirliti með þessum markaði. Þær voru endurskoðaðar í tengslum við bankahrunið.

Stjórnvaldssektir vegna mála sem tengjast matvörumarkaði nema frá árinu 2008 tæplega 1.100 m.kr. eða um 40% af öllum sektum stofnunarinnar á sama tímabili.

Árangur aðgerðanna er m.a. þessi:

1. Högum hafa sem markaðsráðandi aðila verið sett skýr mörk, sem m.a. hafa leitt til breytinga á verðstefnu félagsins.
2. Ólögmætt samráð milli birgja og matvöruverslana hefur verið upprætt, m.a. með þeim afleiðingum að forverðmerkingum birgja hefur verið hætt, villandi verðmerkingar (afslættir af verði sem aldrei stóð neytendum í raun til boða) aflagðar og vörur staðlaðar meira en áður. Hefur mál þetta haft áhrif í fleiri vöruflokkum, s.s. ostum.
3. Vífilfelli hefur verið gert að láta af útbreiddri gerð samkeppnishamlandi einkakaupasamninga við viðskiptavinum sína.
4. Samtökum fyrirtækja á þessum markaði hafa verið send skýr skilaboð um að hvers konar samkeppnishamlandi samráð af þeirra hálfu verði ekki liðið, sbr. sektir á fjögur slík samtök á árunum 2008 - 2009.

Afnám samkeppnishindrana – hraðari endurreisn

– Stjórnvöld og fyrirtæki bera mikla ábyrgð

Samkeppniseftirlitið hefur lagt áherslu á að samkeppnislögum sé beitt til að hraða endurreisn atvinnulífsins. Sú áhersla endurspeglast ekki einvörðungu í því að fylgjast með endurskiplagningu fyrirtækja og mótun fjármálamarkaðar, heldur ekki síður í því að ryðja úr vegi hvers kyns hindrunum sem ný og smærri fyrirtæki mæta þegar þau hefja störf og reyna að vaxa við hlið stærri keppinauta.

Í þessu efni bera bæði stjórnvöld, fyrirtæki og samtök fyrirtækja ábyrgð.

Stjórnvöld þurfa að gera betur

Samkeppniseftirlitið hyggst á næstunni fylgja eftir fjölmörgum tilmælum til stjórnvalda sem það hefur lagt fram eftir hrun um að draga úr samkeppnishindrunum. Meðal hlutverka Samkeppniseftirlitsins er að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á

leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila.

Reynslan sýnir hins vegar að stjórnvöld hafa almennt ekki gefið þessu nægan gaum. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrun*, var lagt mat á það hvernig stjórnvöld hefðu brugðist við tilmælum sem eftirlitið setti fram á fyrstu vikum hrunsins, í skýrslu nr. 2/2008, *Óflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnulífs*. Þar var birt greining á 15 mikilvægum samkeppnismörkuðum, dregnar fram helstu aðgangshindranir og bent á aðgerðir sem geta rutt úr vegi eða dregið úr þessum hindrunum.

Niðurstaðan var sú að þó margt hafi áunnist sé engu að síður áberandi hversu sinnulaus stjórnvöld á ýmsum sviðum hafi verið um þetta efni.

Samkeppniseftirlitið mun kappkosta að fylgja þessum málefnum betur eftir á næstu misserum. Í því efni mun eftirlitið birta opinberlega upplýsingar um hvernig tiltekin stjórnvöld hafi brugðist við tilmælum sem fram hafa komið í skýrslum og álitum sem Samkeppniseftirlitið hefur beint til þeirra.

Nokkur álit frá hruni:

1. Álit nr. 1/2010 Þátttaka Vinnu-
málastofnunar á markaði
fyrir vinnumiðlun og atvinnu-
auglýsingar (Vinnu-
málastofnun)
2. Álit nr. 4/2009 Opinber útboð,
samkeppni og samkeppnis-
hindranir – Gátlisti til að forðast
ólögmætari samkeppnishindranir
(opinberir aðilar)
3. Álit nr. 3/2009 Skipulag,
lóðaúthlutanir og samkeppni
(umhverfisráðherra)
4. Álit nr. 2/2009 Samkeppnismat
stjórnvalda (forsætisráðherra)
5. Álit nr. 1/2009 Skaðleg sam-
þjöppun í mjólkuriðnaði og
áhrif búvörulaga á samkeppni
(landbúnaðarráðherra)
6. Álit nr. 4/2008 Samkeppnishömlur
sem stafa af stöðu og háttsemi
Ríkisútvarpsins á markaði fyrir
sölu auglýsinga í ljósvala-
miðlum (mennta- og menningar-
málaráðuneytið)
7. Álit nr. 3/2008 Ákvarðanir
banka og stjórnvalda um framtíð
fyrirtækja á samkeppnismörkuðum
(viðskiptabankar í eigu ríkisins)

Háttsemi fyrirtækja og hraði endurreisnarinnar

Hraður efnahagsbati byggir að miklu leyti á því að eðlilegir starfshættir ríki á mörkuðum og að samkeppni geti eflst og þróast almenningi til hagsbóta. Mestu máli skiptir að fyrirtæki virði bann við ólögmetu samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Allmörg mál eru nú til rannsóknar, sem varða meint ólögmett samráð fyrirtækja og samtaka fyrirtækja. Þessi mál varða ýmis svið atvinnulífs, s.s. sölu á byggingavörum, flutninga, ferðaþjónustu, fasteignasölu, iðngreinar og fóðuröflun.

- Frá árinu 2008 hefur Samkeppniseftirlitið sektað 15 fyrirtæki um samtals rúmlega 1.600.000.000 kr. fyrir ólögmett samráð. Í einu þessara tilvika var einnig um misnotkun á markaðsráðandi stöðu að ræða.
- Algengt er orðið að fyrirtæki sem lenda í rannsókn vegna ólögmetts samráðs óski eftir sátt þegar í ljós er komið um hvað rannsóknin snýst.

Þá eru mörg mál til rannsóknar sem varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þessar rannsóknir spanna mögulega undirverðlagningu markaðsráðandi fyrirtækja, verðþrýsting, sölusynjun, einkakaupasamninga o.fl.

Rannsóknirnar varða fjölbreytt svið atvinnulífsins enda eru markaðsráðandi fyrirtæki til staðar á mörgum mörkuðum.

Fjarskiptamarkaður


Fjarskiptamarkaðurinn er einn af þeim mörkuðum sem Samkeppniseftirlitið hefur lagt sérstaka áherslu á að fylgjast með á undanförunum árum. Er þar um að ræða einn af mikilvægustu mörkuðum samfélagsins.

Hjá Samkeppniseftirlitinu er til rannsóknar nokkur fjöldi mála sem tengist markaði fyrir fjarskiptaþjónustu. Til þeirra hefur ýmist verið stofnað á grundvelli rökstuddra erinda sem Samkeppniseftirlitinu hafa borist eða

rannsókn hefur verið hafin að frumkvæði eftirlitsins. Algengast er að háttsemi Símans hf. sé til rannsóknar, en hann hefur í málum fram til þessa verið talinn markaðsráðandi á flestum ef ekki öllum undirmörkuðum sem skilgreindir hafa verið og varða fjarskiptaþjónustu.

Varða þessi mál annars vegar farsímasjónustu, m.a. verðlagningu innan farsímakerfa og milli þeirra, og hins vegar fastlínukerfið og gagnaflutninga innan þess.

- Frá árinu 2008 hefur Samkeppniseftirlitið sektað sjö fyrirtæki um 940.000.000 kr. fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu (að frátöldu einu fyrirtæki sem einnig var sektað fyrir ólögmett samráð í sama máli). Þessi mál hafa undantekningarlaust verið kærð til áfrýjunarnefndar og eftir atvikum borin undir dómstóla. Í sumum tilvikum hafa sektir verið lækkaðar.




Beiting nýrra heimilda Samkeppniseftirlitsins

Markaðsrannsóknir kynntar til sögunnar

Á árinu 2011 var lögfest heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að efla samkeppni, þ.m.t. uppskiptingar markaðsráðandi fyrirtækja. Kemur þessi heimild fram í 16. gr. samkeppnislaga.

Ekki er skilyrði fyrir beitingu nýju heimildarinnar að brot á bannreglum samkeppnislaga hafi átt sér stað eða að um samkeppnishamlandi samruna sé að ræða. Þessi heimild kemur þannig til viðbótar við önnur úrræði samkeppnislaga og er viðleitni í þá átt að skapa heildstætt kerfi þar sem reynt er eftir föngum að vinna gegn því að almenningur og fyrirtæki bíði tjón vegna hverskonar háttsemi eða aðstæðna sem raska samkeppni.

Í febrúar 2012 gaf Samkeppniseftirlitið út umræðuskjal með drögum að leiðbeiningum um beitingu þessa nýja ákvæðis, einkum um það hvernig Samkeppniseftirlitið hyggst beita markaðsrannsóknnum sem undanfara hugsanlegra aðgerða á grundvelli ákvæðisins. Þá felst enn fremur í skjalinu undirbúningur að ákvörðun um það hvaða markaður sæti fyrst slíkrri rannsókn.



Hvað er markaðsrannsókn?

- Markaðsrannsókn er hagfræðileg greining á samkeppni á tilteknum markaði. Hún lýtur að markaði í heild sinni fremur en afmörkuðum hlutum hans og er því gott tæki til að fá heildaryfirsýn yfir samkeppnislegar aðstæður á markaði.

Markaðsrannsókn lýtur eftir atvikum m.a. að verðmyndun vöru og þjónustu, kostnaðaruppbyggingu, uppbyggingu markaðar, stærð hans og þróunar,


nýsköpun, tækniframförum, lagaumhverfi og öðru regluverki, aðgangshindrunum, kostnaði fyrir viðskiptavinum að skipta um fyrirtæki, þátttöku opinberra og hálfopinberra aðila á markaðnum, lóðréttu og láréttu samþættingu fyrirtækja, fjölda fyrirtækja og eignartengslum þeirra, markaðshlutdeild, fjölda birgja, fjárhagslegri afkomu fyrirtækja og framlegð þeirra.

- Markmiðið með markaðsrannsóknnum er að greina mögulegar samkeppnishömlur og bæta samkeppnisumhverfi á mörkuðum sem ástæða er til að ætla að virki ekki sem skyldi. Margt getur gefið tilefni til að ætla að markaðir virki ekki sem skyldi. Má þar nefna tölfræðilegar rannsóknir á virkni markaða, fyrri athuganir Samkeppniseftirlitsins, ábendingar markaðsaðila og neytenda og almenna þjóðfélagsumræðu.

Sparnaður í fjárveitingum dýrkeyptur almenningi og fyrirtækjum

Frá árinu 2008 hafa fjárveitingar til eftirlitsins lækkað um 8% að raungildi á meðan málum hefur fjölgað um 80%. Á yfirstandandi ári voru fjárheimildir eftirlitsins lækkaðar að raungildi um rúmar 12 m.kr. þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hefði fært fyrir því gild rök að auka þyrfti fjárheimildirnar um 140 m.kr.

Vísitala fjárheimilda og fjölda mála frá hruni



* Fjöldi opinna mála tekur til stjórnslumála sem til rannsóknar voru á miðju ári frá 2008-2011 og í upphafi árs 2012.

Stjórnvöld verða af tækifæri

Með niðurskurði og sparnaði í fjárveitingum til samkeppniseftirlits verða stjórnvöld af augljósu tækifæri til þess að bæta hag almennings og flýta endurreisn atvinnulífsins og efnahagsbata.

Ekki er deilt um skaðsemi samkeppnislagabrota fyrir efnahagsþróun og almenning. Alþjóðlegar rannsóknir sýna t.d. að ólögmætt samráð getur leitt til um 50% herra verðs en ella. Samkeppnislagabrot eru því almenningi og atvinnulífi dýrkeypt. Þá er samstaða um að virk framkvæmd samkeppnislaga flýti efnahagsbata eftir fjármálakreppur.

Á árunum 2008-2011 hefur Samkeppniseftirlitið sektað 31 fyrirtæki um samtals 2,8 milljarða króna, en fjárveitingar á sama tímabili til Samkeppniseftirlitsins námu 1,2 milljörðum króna. Á þessum árum hefur Samkeppniseftirlitið gripið inn í 40 samruna með ógildingu eða setningu skilyrða. Þá hefur eftirlitið tekið upp rannsóknir og birt skýrslur um málefni sem varða endurreisn atvinnulífsins. Á undanförunum mánuðum hefur jafnframt náðst verulegur árangur í því að staðfesta framkvæmd samkeppnislaga fyrir áfrýjunarnefnd og dómstólum.

Það blasir því við að með litlum tilkostnaði væri hægt að stórefla framkvæmd samkeppnislaga, samfélaginu til hagsbóta.

Brugðist við með því að draga úr starfsemi

Ófullnægjandi fjárveitingar samfara auknu álagi á Samkeppniseftirlitið hafa óhjákvæmlega haft eftirfarandi áhrif:

1. Mál taka lengri tíma. Nefna má að í byrjun árs 2010 voru 30% þeirra mála sem til meðferðar voru eldri en eins árs. Í upphafi þessa árs hafði þetta hlutfall hækkað í 50%.

2. Nauðsynlegar rannsóknir eru ekki teknar upp. Samkeppniseftirlitið hefur þurft að beita strangri forgangsröðun þegar ákveðið er hvaða rannsóknir skuli taka upp.

3. Mikilvægar rannsóknir klárast ekki og eru lagðar niður. Samkeppniseftirlitið hefur undanfarið endurmetið rannsóknir sem í gangi eru og hætt sumum þeirra án niðurstöðu á grundvelli endurmats á forgangi. Frekari aðgerðir af þessum toga eru í undirbúningi.

Samkeppnislögum fylgt eftir af festu

Fimm fyrirtæki sektuð.

Árið 2011 var viðburðaríkt í Samkeppniseftirlitinu. Samtals fimm fyrirtæki voru sektuð af stofnuninni um 465 m.kr.

Eitt fyrirtæki var sektað um

80 m.kr. vegna ólögmarks samráðs tveggja dótturfyrirtækja þess, þ.e. Síldar og fisks og Matfugls, við verslunarfyrirtæki. Ákvörðunin var staðfest í áfrýjunarnefnd.

Tvö fyrirtæki voru sektuð vegna misnotkunar á markaðsráðandi

stöðu, en þar áttu í hlut Vífilfell sem var sektað um 260 m.kr. fyrir að gera fjölda einkakaupasamninga við viðskiptavini, og Síminn sem fékk 60 m.kr. sektir fyrir undirverðlagningu í tilboði um 3G netlykil og áskrift. Báðar ákvarðanir voru staðfestar í áfrýjunarnefnd, en sú fyrirnefna lækkuð í 80 m.kr.

Þá var Forlagið sektað um 25

m.kr. vegna brota á skilyrðum sem sett voru við samruna JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf. Sömuleiðis var Landsbanki Íslands hf. (gamli Landsbankinn) sektaður um 40 m.kr. fyrir að framkvæma samruna áður en eftirlitið hafði fjallað um hann. Báðar ákvarðanir voru staðfestar í áfrýjunarnefnd, en sektir Landsbankans lækkaðar í 7,5 m.kr.

Íhlutun í rúmlega 60% samruna

Samkeppniseftirlitið greip inn í 17 samruna af þeim 26 sem rannsakaðir voru á árinu. Það er lýsandi um stöðu samkeppnismála að Samkeppniseftirlitið þurfti að grípa inn í rúmlega 60% allra samruna sem á borð þess komu.

Í þremur tilvikum ógilti Samkeppniseftirlitið samruna. Samruni Vodafone og Tals, kaup Stjórnugrís á svínabúum og kaup Landsbankans á eignarhlut í Verdis (Arion verðbréfavörslu) voru ógilt. Tvær síðastnefndu ákvarðanirnar voru kærðar til áfrýjunarnefndar, sem staðfesti ógildingu á kaupum Stjórnugrís á svínabúum en lagði fyrir Samkeppniseftirlitið að taka að nýju til athugunar hvort setja mætti skilyrði fyrir kaupum Landsbankans á eignarhlut í Verdis.

Í 14 tilvikum setti Samkeppniseftirlitið skilyrði fyrir samrunum. Í flestum þeirra tilvika var um að ræða yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum.

Tvær húsleitir – brot kærð til efnahagsbrotadeildar.

Samkeppniseftirlitið tók þátt í tveimur húsleitum á árinu. Þannig tók Samkeppniseftirlitið þátt í húsleit hjá fyrirtækjum á byggingavörumarkaði, en efnahagsbrotadeild framkvæmdi húsleitina í kjölfar þess að Samkeppniseftirlitið hafði kært nokkra stjórnendur og starfsmenn fyrirtækjanna fyrir ætluð brot á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar brot fyrirtækjanna á banni við ólögmetu samráði en

efnahagsbrotadeild rannsakar hvort einstaklingar hafi gerst brotlegir við lögin með refsiverðum hætti.

Í hinu tilvikinu framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit hjá fyrirtækjum á drykkjarvörumarkaði vegna gruns um ólögmett samráð.


Mikilvægar efnisreglur staðfestar í áfrýjunarnefnd og fyrir dómstólum

Í samkeppnisrétti felst vandasamt samspil hagfræði og lögfræði. Mikilvægt er fyrir framgang samkeppninnar og almannahagsmuni að reynsla fái af beitingu samkeppnislaga fyrir áfrýjunarnefnd og dómstólum.

Eftir hrun hafa fyrirtæki látið reyna á ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins í enn ríkara mæli en áður. Frá ársbyrjun 2011 og fram að útgáfu þessa rits hafa fallið fimmtán úrskurðir áfrýjunarnefndar og sjö dómur í héraði eða Hæstarétti. Í langflestum tilvikum voru ákvarðanir samkeppnisyfirvalda staðfestar.


Nokkrar staðreyndir um samkeppniseftirlit frá hrúni

Meðallengd og miðgildi málshraða frá 2008 – 2011




Kjarnaverkefni Samkeppniseftirlitsins

Skipting ráðstöfunartíma



Helstu markaðir

Skipting ráðstöfunartíma



Úrlausnir á árinu 2011

Ákvarðanir

- 1/2011** Ákvörðun til bráðabirgða - Synjun IGS ehf. á fraktafgreiðslu til Cargo Express ehf.
Misnotkun á markaðsráðandi stöðu
- 1/2011** Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.
Samrunamál
- 2/2011** Yfirtaka Seðlabanka Íslands á Fjölgreiðslumiðlun hf. (nú Greiðsluveitunni hf.)
Samrunamál
- 3/2011** Samruni Stjórnugríss hf. við Rekstrarfélagið Braut ehf. og LS2 ehf.
Samrunamál
- 4/2011** Kvörtun Iceland Express ehf. og Astraesus Airlines Ltd. yfir vinnureglum
Flugmálastjórnar Íslands við veitingu flugréttinda á Íslandi til erlendra flugrekenda
Opinberar samkeppnishömlur
- 5/2011** Yfirtaka NBI hf. á Björgun ehf.
Samrunamál
- 6/2011** Samruni NBI hf. og Avant hf.
Samrunamál Ekki íhlutun
- 7/2011** Yfirtaka Arion banka hf. á eignum þrotabús Sigurplasts ehf.
Samrunamál Íhlutun
- 8/2011** Yfirtaka Íslandsbanka hf. og Glitnis banka hf. á Bláfugli ehf.
Samrunamál Íhlutun
- 9/2011** Breyting á ákvörðunarorðum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008
hvað varðar Kreditkort hf.
Ólögmaett samráð Íhlutun
- 10/2011** Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun
Undanþágur Íhlutun
- 11/2011** Misnotkun Vífilfells hf. á markaðsráðandi stöðu sinni
Misnotkun á markaðsráðandi stöðu Íhlutun
- 12/2011** Yfirtaka Arion banka hf. á G-7 ehf.
Samrunamál Íhlutun
- 13/2011** Samruni ST eignarhaldsfélags ehf. og Steypustöðvarinnar ehf.
Samrunamál Íhlutun

- 14/2011** Álagning dagsekta á Seðlabanka Íslands vegna vanrækslu á afhendingu gagna og upplýsinga
Upplýsingaöflun Íhlutun
- 15/2011** Reglubundin upplýsingaskylda Stjórnugríss hf.
Upplýsingaöflun Íhlutun
- 16/2011** Yfirtaka Arion banka hf. á Fram Foods hf.
Samrunamál Íhlutun
- 17/2011** Yfirtaka Landsbanka Íslands hf. á Pizza Pizza ehf.
Samrunamál Íhlutun
- 18/2011** Yfirtaka Regins ehf. á Laugahúsi ehf.
Samrunamál Íhlutun
- 19/2011** Yfirráð Björgunar ehf., Byggingarfélags Gylfa og Gunnars ehf. og Regins ehf. yfir Þróunarfélaginu BRB ehf.
Samrunamál Ekki íhlutun
- 20/2011** Sameiginleg yfirráð Arion banka og Búvalla yfir Högum hf.
Samrunamál Íhlutun
- 21/2011** Ósk bifreiðastöðvarinnar Hreyfils um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út
sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka undir merki stöðvarinnar.
Undanþágur Íhlutun
- 22/2011** Samruni Ramma hf. og Primex ehf.
Samrunamál Ekki íhlutun
- 23/2011** Brot Landsbanka Íslands hf. á skyldu til þess að tilkynna um samruna
Samrunamál Íhlutun
- 24/2011** Brot Forlagsins ehf. á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2008 Samruni JPV útgáfu ehf.
og Vegamóta ehf.
Misnotkun á markaðsráðandi stöðu Íhlutun
- 25/2011** Kaup dótturfélags Samherja hf. á aflaheimildum, landvinnslu og tveimur skipum af Brimi hf.
Samrunamál Ekki íhlutun
- 26/2011** Samruni Horns Fjárfestingarfélags ehf. og Promens hf.
Samrunamál Íhlutun
- 27/2011** Yfirtaka Stjórnugríss hf. á eignum Rekstrarfélagsins Brautar ehf. og LS2 ehf.
Samrunamál Íhlutun
- 28/2011** Yfirtaka Landsbankans hf. á Sólningu Kópavogi ehf.
Samrunamál Íhlutun

- 29/2011** Ósk leigubifreiðastöðvarinnar BSR ehf. um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka undir merki stöðvarinnar Undanþágur Íhlutun
- 30/2011** Brot Símans hf. með tilboði í 3G netlykil og áskrift Misnotkun á markaðsráðandi stöðu Íhlutun
- 31/2011** Samkeppniseftirlitið ógildir samruna Vodafone og Tals vegna röskunar á samkeppni á fjarskiptamarkaði Samrunamál Íhlutun
- 32/2011** Kaup MP banka á fyrirtækjasviði Sögu fjárfestingarbanka hf. Samrunamál Ekki íhlutun
- 33/2011** Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Byr hf. Samrunamál Ekki íhlutun
- 34/2011** Kaup Landsbankans hf. á eignarhlut í Verdis hf. (áður Arion verðbréfavarsla) Samrunamál Íhlutun
- 35/2011** Kaup FoodCo hf. á öllu hlutafé í Shiraz ehf. Samrunamál Ekki íhlutun
- 36/2011** Brot Síldar og fisks ehf. og Matfugls ehf. á 10. gr. samkeppnislaga Ólögmætt samráð Íhlutun
- 37/2011** Ósk A-stöðvarinnar ehf., leigubifreiðastöðvar, um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka undir merki stöðvarinnar Undanþága Íhlutun
- 38/2011** Kaup Gnípu ehf. á 60% hlutafjár í Servida ehf. Samruni Ekki íhlutun
- 39/2011** Ákvörðun um breytingu á gildistíma undanþágu ákvörðunar nr. 26/2010 Starfsemi Íslandsrótar Auðkennis Undanþága Íhlutun
- 40/2011** Beiðni Auðkennis ehf. um framlengingu undanþágu sem veitt var á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna samstarfs banka og sparisjóða um öryggisbúnað í bankaþjónustu. Undanþága Ekki íhlutun
- 41/2011** Viðskipti Landsbankans hf. og Bifreiðainnflutnings ehf. með eignarhluti í Toyota á Íslandi ehf. Samrunamál Ekki íhlutun
- 42/2011** Kaup Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf. á Mjöll-Frigg ehf. Samrunamál Ekki íhlutun

Skýrslur

1/2011 Samkeppni á bankamarkaði

2/2011 Samkeppnin eftir hrun

Úrskurðir áfrýjunarnefndar

13/2010 Auðkenni hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

1/2011 Búvangur o.fl. gegn Samkeppniseftirlitinu

2/2011 Eimskip Íslands ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

3/2011 Vífilfell hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

4/2011 Seðlabanki Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu

5/2011 Forlagið hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

6/2011 Landsbanki Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

7/2011 og 8/2011 Arion banki hf. og Stjórnugrís hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

9/2011 Inter, samtök aðila sem veita Internetþjónustu, gegn Samkeppniseftirlitinu

10/2011 Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

11/2011 Landsbankinn hf., Arion banki hf. og Verdis hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

12/2011 MP banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

13/2011 Langisjór ehf., Síld og fiskur ehf., og Matfugl ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

16/2011 Vélar og verkfæri ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Pistlar

1/2011 Breytingar á verðmerkingum á kjötvörum

2/2011 Eru bankarnir að drepa samkeppni?

Dómar

Héraðsdómur

ERGN Holdings Ltd. og Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Dómur nr. E-12331/2009

Icelandair ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Endurupptaka dóms nr. E-8622/2007

Hæstiréttur

Samkeppniseftirlitið gegn Icelandair. Dómur nr. 267/2010

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins www.samkeppni.is

Svona er Samkeppniseftirlitið

Nú eru tuttugu og fjórir starfsmenn (tuttugu og tvö og hálf stöðugildi) starfandi í Samkeppniseftirlitinu, ellefu konur og þrettán karlar. Hlutverk þeirra er að fylgjast með samkeppni á öllum sviðum íslensks atvinnulífs og grípa inn í ýmis konar samkeppnishindranir á grundvelli samkeppnislaga.

Starfsmenn skipta með sér verkum þannig að hver þeirra ber ábyrgð á tilteknum verkefnum eða hefur eftirlit með tilteknum mörkuðum. Þannig er það t.d. á ábyrgð hvers sérfræðings að fylgjast með og greina samkeppnishindranir á tilteknum mörkuðum. Þá eru allar rannsóknir á ábyrgð tiltekins starfsmanns sem sér um að reka málið, afla þekkingar og sjónarmiða sem nauðsynlegar eru vegna þess og leiða fram niðurstöðu.

Skipulag Samkeppniseftirlitsins byggir því á nánu samstarfi og skilvirkri verkefnastjórn. Allar ákvarðanir þurfa að þola ítarlega skoðun áfrýjunarnefndar og dómstóla.

Samkeppniseftirlitið byggir afl sitt og getu fyrst og fremst á mannauði, þ.e. hæfu og reyndu starfsfólki og jafnframt aðgangi að hæfustu sérfræðingum á sínu sviði, t.d. með góðum tengslum við háskóla- og fræðasamfélagið.

Mikil áhersla er lögð á að Samkeppniseftirlitið sé í aðstöðu til að laða að sér og halda í gott starfsfólk. Lykillinn að því er að rekin sé markviss starfsmannastefna. Meðalstarfsaldur hjá Samkeppniseftirlitinu er tæp sjö ár.

Álfrún Tryggvadóttir	alfrun@samkeppni.is
Árný Albertsdóttir	arny@samkeppni.is
Ásgeir Einarsson	asgeir@samkeppni.is
Benedikt Árnason	benedikt@samkeppni.is
Birgir Óli Einarsson	birgir@samkeppni.is
Brynja Stephanie Swan	brynjas@samkeppni.is
Eva Ómarsdóttir	eva@samkeppni.is
Guðmundur Sigurðsson	gsig@samkeppni.is
Hildur Leifsdóttir	hildur@samkeppni.is
Hilmar Þórðarson	hilmar@samkeppni.is
Inga H. Jónsdóttir	inga@samkeppni.is
Jóhann Ágúst Jóhannsson	johann@samkeppni.is
Kristján Indriðason	kristjan@samkeppni.is
Lárus S. Lárusson	larus@samkeppni.is
Magnús Þór Kristjánsson	magnus@samkeppni.is
Ólafur F. Þorsteinsson	olafur@samkeppni.is
Páll Gunnar Pálsson	pallgunnar@samkeppni.is
Sonja Bjarnadóttir	sonjabjarna@samkeppni.is
Sonja Egilsdóttir	sonja@samkeppni.is
Sóley Ragnarsdóttir	soley@samkeppni.is
Steingrímur Ægisson	steingrimur@samkeppni.is
Vilborg Birningur Torfadóttir	vilborg@samkeppni.is
Þorbergur Þórsson	thorbergur@samkeppni.is



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Borgartúni 26, 125 Reykjavík, www.samkeppni.is